

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð lamaðra og fatlaðra í Strandasýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. maí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð lamaðra og fatlaðra í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra í Strandasýslu. Hann er stofnaður með erfðafé Ragnheiðar Guðjónsdóttur, Vífilsögötu 7, Rvík, samkvæmt erfðaskrá hennar, dags. 4. nóvember 1970, að fjárhæð kr. 1 685 749.00, til minningar um eiginmann hennar Þorkel J. Sigurðsson, úrsmið frá Hólmavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja lamaða og fatlaða í Strandasýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, svo og það fé, sem síðar kann að safnast, skal ávaxtast á hagkvæmustu vaxtakjörum í lánastofnun, sem hefur ríkisábyrgð eða á annan trygghan og hagkvæman hátt að mati sjóðstjórnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, og skulu þeir vera, samkvæmt fyrrgetinni erfðaskrá, sóknarpresturinn í Hólmavík, heilsugæslulæknirinn í Hólmavík og sýslumaðurinn í Strandasýslu. Þeir kjósa formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn og skal formaður annast reikningshald og varðveislu sjóðsins.

5. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt umsóknum, samanber 2. grein, og skal styrkfjárhæð fara eftir mati sjóðstjórnar hverju sinni. Eigi má þó úthluta úr sjóðnum meira fé árlega, en sem nemur $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum ársvaxta.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru af stjórn sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

27. maí 1977.

Nr. 219.

REGLUGERÐ

um úthlutun olústyrks.

1. gr.

Viðskiptaráðuneytið ávísar greiðslum af fjárhæð þeirri, sem hverju sinni er varið í fjárlögum til að draga úr áhrifum á hitunarkostnað íbúða o. fl. samkvæmt lögum nr. 13/1977.

2. gr.

Greiðslur samkvæmt 1. gr. skulu inntar af höndum til sveitarfélaga og rafveitna ársfjórðungslega eftir á frá 1. janúar 1977. Greiðsla fyrir desembermánuð 1976 skal

innt af höndum með greiðslu fyrir janúar—mars 1977. Upphæð olufstyrks til einstaklinga og rafveitna skal ákveðin fyrir hvert tímabil, miðað við þá fjárveitingu, sem til ráðstöfunar er.

3. gr.

Olufstyrkur skal greiddur:

a) Til að styrkja þá einstaklinga, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings vegna þeirra sjálfra. Olufstyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sérstakir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekju-skatts og útsvars.

Olufstyrkur skal ekki greiddur til þeirra, sem kost eiga á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir.

Olufstyrkur greiðist ekki fyrirtækjum, stofnunum o. s. frv., nema skv. b-lið og d-lið þessarar gr.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu. Þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.

c) Til að styrkja þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða samkvæmt a-lið þessarar greinar.

d) Til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi, sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist skólans þann tíma, sem skólinn starfar, nema sömu fiárhæð og styrkur á einstakling samkvæmt a-lið þessarar greinar. Skal greiðsla miðast við samfellda dvöl nemanda í heimavist og hvern byrjaðan mánuð dvalarinnar. Réttur aðstandenda nemanda til greiðslu olufstyrks hans vegna helst, þrátt fyrir þessa greiðslu.

4. gr.

Olufstyrk samkvæmt a-, c- og d-lið 3. gr. skal úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga.

Sveitarfélög skulu innan tveggja vikna frá lokun hvers þriggja mánaða tímabils samkvæmt 2. gr. gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fiölda styrkbega samkvæmt a-, c- og d-lið 3. greinar. Skal miðað við, að sá, sem styrks nýtur, hafi verið búsettur í sveitarfélaginu, meiri hluta tímabilsins. Bæjarnöfn skulu tilgreind, ef um styrk samkvæmt c-lið 3. greinar er að ræða.

Sveitarfélög skulu tilkynna sérstaklega, hve margir lífeyrisþegar skv. a- og c-lið 3. gr. eigi rétt á $1\frac{1}{2}$ styrk. Skal viðkomandi umboðsmaður almannatrygginga eða skattstjóri staðfesta þær upplýsingar. Um staðfestingu á öðrum upplýsingum sveitarfélaga getur viðskiptaráðuneytið, ef þörf þykir, leitað til viðkomandi bæjarfógeta eða sýslumanns.

5. gr.

Vegna ákvörðunar styrks til rafveitna samkvæmt b-lið 3. greinar skal orkuver og/eða rafveita senda Orkustofnun skýrslu innan tveggja vikna frá lokum hvers tímabils, sbr. 2. gr., þar sem eftirtalin atriði komi fram:

1. Notkun olíu til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæðinu.
2. Heildarorkuframleiðsla á umræddu tímabili flokkuð eftir því, hvort framleitt hefur verið með olíu eða öðrum orkugjafa.
3. Verð á raforku til hitunar íbúða í desember 1976 og fyrir það tímabil, sem skýrslan á við.

Orkustofnun fer yfir og endurskoðar ofangreinda skýrslu og getur hún krafist hvers konar tiltækra gagna og upplýsinga í þessu skyni. Orkustofnun staðfestir síðan skýrsluna og sendir hana viðskiptaráðuneytinu, sem tekur ákvörðun um hvort eða hve mikinn styrk skuli veita til að draga úr verulegri hækkun rafmagns til hitunar íbúða vegna verðhækkunar á olíu.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13, 26. apríl 1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 174, 30. maí 1974, um úthlutun olíustyrks, felld úr gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. maí 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

Nr. 220.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

Tekjur:

Óafturkræf framlög:

Ríkissjóður	kr. 8 000 000.00	
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	— 15 000 000.00	
		kr. 23 000 000.00
Vextir og lántökugjöld	— 73 952 642.20	
		Kr. 96 952 642.20

Gjöld:

Laun og starfsmannaútgjöld	kr. 2 768 964.80
Ýmis rekstrargjöld	— 899 313.30
Vextir, lántökugjöld og gengismunur	— 46 616 438.56
Tekjur umfram gjöld 1974	— 46 667 925.54
	Kr. 96 952 642.20

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1974.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 5 528 819.30
Ýmsir viðskiptamenn	— 592 617.00
Áfallnir vextir	— 29 637 570.00
Skuldabréfaeign:	
Óverðtryggð lán	kr. 374 354 616.00
Visitölutryggð lán	— 70 710 100.00
Gengistryggð lán	— 180 268 850.00
	— 625 333 566.00
Innbú og lausafé	— 709 366.00
	Kr. 661 801 938.30